



1, 2.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

JANUAR 1906

## Gleðilegt ár!

Gæfu-ár! Öllum gott og blessað ár!  
Ár með fangið fult af ljósi,  
er faðmi ykkur, börn,  
faðmi ykkur öll, börn,  
og hampi ykkur haegt í ljósi. —

Nú eru jólín liðin, þessi jól. Og nú býst eg við, börnin míni, að þið hafið verið að hugsa um það, sem ykkur var gefið á jólunum, og um alt, sem var ykkur til skemtunar, en líka um það, sem ykkur var sagt um Jesúm á jólunum. Eg vildi, að þið hugsuðuð mest um það.

Gleymið nú ekki þessum jólum. Geymið þau. Ekki á líkan hátt og sumir geyma mat og láta hann mygla og verða ónytan, heldtur eins og jörðin geymir fræin lífli, sem í hana eru látin. Fræin vaxa og bera ávexti. Lofíð þið nú jólunum að vera lífsins fræ í ykkur, sem vex á árinu og gerir það að jóla-ári. Þá vaxið þið líka og verðið jóla-börn.

En þá er eitt nauðsynlegt. Þegar þið horfið til baka og hugsið um jólín, björtu jólín, þá þursfið þið að sjá Jesúm mitt í birtunni og að frá honum leggi birtuna alla út yfir öll jólín. Og mitt í öllu, sem ykkur þótti vænt um, eigið þið að sjá hann. Og hann á ykkur að þykja allra vænst um.